Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Agil 100 EC – Illgresiseyðir**

Vörunúmer: **55296** **5 L**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Illgresiseyðir.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Adama Northern Europe B.V.
P.O.Box 355
3830 AK Leusden, Holland
00-31-33-4453-160
msds.ane@adama.com
www.adama.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H332	Hættulegt við innöndun	Bráð eit.4
H351	Grunað um að valda krabbameini	Krabb.2
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörunarorð: **HÆTTA**

Hættusetningar

H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H351	Grunað um að valda krabbameini
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni/ og sápu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P308+P313	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið læknis.
P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P331	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið læknis.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.
EUH208	Inniheldur própakízafop. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
EUH401	Fylgið notkunarleiðbeingunum til að varast hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið

Inniheldur: Vetniskolefni, C10-C13, arómatar, <1% naftalen.

Sérákvæði um illgresiseyða:

SP 1	Forðist að menga vatnsból með vörunni eða óhreinum umbúðum. Hreinsið ekki dreifingarbúnað nærri yfirborðsvatni eða niðurföllum.
SPe 3	Notið ekki nær en í 10 metra fjarlægð frá vatnsbólum til þess að vernda líf í vatni.

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C10-C13, arómatar, <1% naftalen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119451097-39	**Innihald %**	**40 - 45**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	922-153-0	**H-setningar**	-
CAS	-	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eit.v.ásvelg. 1 - **H304**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

Fitualkóhólapólýglýkóleter			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**34- 38**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	9043-30-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H302**, Augnskað.1 **H318**			

Própakízafop			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**7 - 12**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	111479-05-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - **H317**, SEM-VES 3 - **H335**, BRáð eit.á vatn 1 - **H400 (M=1)**, Langv.eit.á vatn 1 - **H410 (M=1)**			

Própýlen karbónat			
Skráningarnúmer ECHA		**Innihald %**	**4 - 7**
Raðnúmer	607-194-00-1	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	203-572-1	**H-setningar**	-
CAS	108-32-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnert.2 - **H319**			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.

Inntaka Hreinsið munn vandlega með vatni. Leitið strax læknis. Ásvelgingarhætta. Framkallið ekki uppköst. Haldið höfði lágt við uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni: Vanlíðan, uppköst, ásvelgingarhætta, lungnabólga (ásvelging),

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Magaskolun fari aðeins fram með slöngu.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, vetnisklóríð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað.
Forðist hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Vetniskolefni, C10-C13, arómatar, <1% naftalen	25	-			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Própýlen karbónat					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	176	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	20	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	50	mg/kg/lík.þ/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	43,5	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma, staðbundið	DNEL	10	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	25	mg/kg
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,9	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,09	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	0,83	mg/l
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	0,083	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		DNEL	0,81	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	7400	mg/l
Umhverfi	Vatn, losun af og til		PNEC	9	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.
Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska. (EN374, >=0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A P2 (brúnn/hvítur).
Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).
Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Lykt:	Arómatísk	
Litur:	Dökkgulur	
pH:	4,2-5,2	(CIPAC MT 75.3)
Blossamark:	102,6¨C	(CIPAC MT 12.1)
Sjálftendrunarmark:	354°C	

Eðlismassi við 20°C: 1,043 g/cm^3
Deilistuðull oktanól/vatn: 4,780 (25°C OECD 117)
Sprengifimi: Varan er ekki sprengifim.
Seigja (40°C): 16,2 mm2/s

9.2 Aðrar upplýsingar:
Yfirborðsspenna (25°C): 26,9 mN/m

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, vetnisklóríð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Agil 100 EC – Illgresiseyðir					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg	Rotta	OECD 423
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	Rotta	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5,15	mg/l/4 klst	Rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		hundur	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406

Vetniskolefni, C10-C13, arómatar, <1% naftalen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>4778	mg/m3/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Þurrkur			
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni		Svimi, sljóleiki, höfuðverkur, erting í augum.			

Fitualkóhólapólýglýkóleter					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	500-2000	mg/kg	mús	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Mjög ertandi			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471

Própakízafop					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			

Própýlen karbónat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Húðæting/erting		Neikvætt		Kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		fólk	OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt		mús	OECD 451
Eiturhrif á æxlunarfæri	NOAEL	1000	mg/kg	Neikvætt	OECD 414
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (EV)	NOEL	>5000	mg/kg		OECD 408
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (EV)	NOEC	100	mg/m3		OECD 413
Ásvelgingarhætta	Nei				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Agil 100 EC – Illgresiseyðir					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	6,53 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	12,9 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	2,99mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201

Vetniskolefni, C10-C13, arómatar, <1% naftalen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LL_{50}	3,6mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL_{50}	1,1 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	NOELR	0,22 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		70%	28 d		
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Fitualkóhólapólýglýkóleter					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	1-10 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC_{50}	7,07 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	1-10 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		>60%	28 d		OECD 301E

Própakízafop					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	0,19 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	>2,1 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	>2,1 mg/l	72 klst	Þörungar	
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4,78			OECD 117

Própýlen karbónat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC_{50}	>900 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		83-87%			OECD 301B
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,48			
Annað	AOX 0%				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

02 01 08 (Úrgangur af íðefnum úr landbúnaði sem inniheldur hættuleg efni)

07 04 99 (Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti)

20 01 19 (Varnarefni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking

UN Númer	3082
Efnisheiti v. flutninga:	ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE; LIQUID; N.O.S. (PROPAQUIZAFOP, HYDROCARBONS, C10-C13)
Hættuflokkur:	9
Pökkunarflokkur:	III
Hættuundirflokkur:	M6
Jarðgangaflokkun:	E
Mengunarhætta:	Já



IMDG:

UN Númer	3082
Efnisheiti v. flutninga:	ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE; LIQUID; N.O.S. (PROPAQUIZAFOP, HYDROCARBONS, C10-C13)
Hættuflokkur:	9
EmS:	F-A, S-F
Pökkunarflokkur:	III
Mengunarhætta:	Já



IATA:

UN Númer	3082
Efnisheiti v. flutninga:	ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE; LIQUID; N.O.S. (PROPAQUIZAFOP, HYDROCARBONS, C10-C13)
Hættuflokkur:	9
Pökkunarflokkur:	III
Mengunarhætta:	Já



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/02.06.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***ADAMA NORTHERN EUROPE***
SIKKERHEDSDATABLAD iht. Forordning (EF) nr. 1097/2006, bilag II
AGIL 100 EC

Útgáfa: *13.08.2015 Útgáfa 0001*